

Erindi til sveitarstjórnar

Stjórn Ungmennafélagsins Hvatar óskar eftir því að fá aðstöðu til að hafa píluspjald ásamt nauðsynlegum hlífðarbúnaði í húsnæði á vegum sveitarfélagsins. Hugmyndin er að Hvöt kaupi 2 píluspjöld og allt sem að þeim fylgir, og setji þau upp, annað spjaldið væri þá alvöru píluspjald ætlað eldri börnum og fullorðnum og hitt plastspjald sem að hægt væri að leyfa yngri börnum að nota.

Spjöldin yrðu þannig uppsett að hægt væri annað hvort að taka þau af veggnum þegar þau eru ekki í notkun eða í skáp sem hægt væri að læsa. Hugmyndin er að bjóða upp á námskeið í pílukasti og að reyna svo í framhaldinu að vera með einhvern fastan tíma þar sem er í boði að koma og spila pílu. Með þessu er verið að auka við afþreyingarmöguleika, sérstaklega fyrir fullorðið fólk innan sveitarfélagsins.

Við sjáum fyrir okkur að hægt væri að koma þessari aðstöðu fyrir í frístundamiðstöðinni á Borg og óskum eftir því að hentugur staður verði fundinn í samstarfi við sveitarfélagið. Einnig óskum við eftir því að sveitarfélagið leggi til einhvers konar vörn á vegginn sem spjaldið færi á, s.s. krossviðsplötu eða eitthvað slíkt til að koma í veg fyrir skemmdir á veggnum.

Stjórn Ungmennafélagsins Hvatar.